

# Fréttabréf FNS, september 2019.

---

Sælir kæru félagar í FNS

## Nefndir og ráð

Starf félagsins þetta haustið fór af stað með sameiginlegum fundi stjórnar, ráða og nefnda í lok ágúst. Ákaflega góður fundur og nauðsynlegur þar sem farið var yfir hlutverk í félaginu og drög voru lögð að starfsemi vetrarins. Það eru **laus pláss** í nokkrar nefndir og ráð og hvetjum við félagsmenn til að taka þátt í starfinu. Það vantar t.d. í kjararáð á öllum vettvöngum, en ætlunin er að beina kröftum að þeim málum á komandi starfsári og því er þátttaka í kjararáði tilvalið tækifæri til að hafa áhrif í þeim málum. Áhugasamir hafi samband við stjórnina, t.d. á [fnsstjorn@gmail.com](mailto:fnsstjorn@gmail.com) eða hnippið í einhverja okkar í stjórninni.

## Fjarfundir og streymi

Stjórnin ákvað að kaupa aðgang að **Zoom** kerfinu með það í huga að bæta þjónustu við landsbyggðarfólkið í félaginu og eru nefndir og ráð hvött til að nýta sér þennan möguleika og senda út viðburði þegar því er viðkomið. Einnig auðveldar þetta félagsmönnum að taka þátt í nefndarstarfi hvar sem þeir eru staddir á landinu.

## Félagsgjöld

Greiðsluseðlar fyrir **félagsgjöldin** eru komnir í heimabanka hjá félagsmönnum og er eindagi liðinn. Félagið er rekið á félagsgjöldum og því hvetjum við alla til að drífa sig í að greiða. Ef þig vantar greiðsluseðil sendu þá línu á [hildurk@ru.is](mailto:hildurk@ru.is). Hafið hugfast að til þess að vera félagsmaður þarf viðkomandi að vera handhafi **leyfisbréfs til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og borga félagsgjöld**. Nú erum við að hefja vinnu við félagatalið og er ætlunin að einfalda það og uppfæra. Þetta þýðir m.a. að eingöngu þeir sem eru félagsmenn (skv. ofantöldu) verða á póstlistanum okkar.

## Alþjóðlegt starf

Ísland fer með formennsku í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa (NFSY) og er Margrét Arnardóttir formaður fyrir hönd FNS. Eitt af hlutverkum NFSY er þátttaka í alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa (IAEVG) og á þeim vettvangi var stuðlað að kjöri Guðbjargar Vilhjálmisdóttur í stjórn alþjóðasamtakanna. Á aðalfundi IAEVG sem haldinn var fyrir nokkrum dögum í Bratislava tók hún við sem einn af þremur varaformönnum samtakanna. Til hamingju Guðbjörg!

**Takið frá 1. nóvember því þá verður dagskrá í tilefni Dags náms- og starfsráðgjafar!**

Eins og í fyrra fá félagsmenn 20% afslátt af þátttökugjaldi.

Að endingu viljum við minna ykkur á að nota við hvert tækifæri **kynningarefnið** frábæra sem er að finna á heimasíðunni <https://fns.is/kynningarefni>.

Hlökkum til að starfa með ykkur í vetur,

f.h. stjórnar FNS

Helga Tryggva, formaður



FÉLAG NÁMS-  
OG STARFSRÁÐGJAFJA